

Kjarasamningar

og

Þjóðarsátt

Ásmundur Stefánsson

Bifröst, 14. október 2010

Breytt ASÍ

- ASÍ og Alþýðuflokkurinn var ein heild 1916 – 1940/1942
 - Aðild að stéttarfélögum varð víðtækari og fólk sem kaus borgaraflokkana gekk í verkalýðsfélög
 - Alþýðuflokkurinn klofnaði: kommúnistaflokkur og sósíalistaflokkur urðu til.
 - Forusta ASÍ rak þau verkalýðsfélög sem komust undir yfirráð pólitískra andstæðinga úr ASÍ
=> Til að tryggja sterkt verkalýðssamtök varð að skilja á milli flokks og verkalýðssamtaka
- ASÍ hrein verkalýðssamtök frá 1942

Breytt samskipti við stjórnmálaöfl

- Flokkspólítískt stjórnnarkjör í einstökum stéttarfélögum fram á sjöunda áratuginn
- Innri ósamstaða veiki samtakamáttinn
- ASÍ tók upp samskipti við ríkisstjórnir þótt þær væru skipaðar pólítískum andstæðingum forustumanna ASÍ
=> Leiddi til þess að dró úr flokkspólítískum kosningum og stjórnir stéttarfélaga urðu pólítískt blandaðar.
Flokkspólítískar kosningar úr sögunni fyrir 1970.

ASÍ fór því ekki leið S-Evrópu með flokksgreind verkalýðssamtök (kratar, kommar, kristnir) og ekki leið N-landa með verkaskiptingu á milli verkalýðshreyfingar og verkalýðsflokka

Framkvæmdavalda / Samráð, ásættanleiki, samþykki

- Stjórnmálflokkar, alþingi og sveitarstjórnir byggja á meirihluta atkvæða
- ASÍ byggir á sjálfviljugu samstarfi stéttarfélaga
- Stéttarfélögin taka hvert fyrir sig ákvörðun um aðild að samningsgerð
- Meirihluti nægir ekki til ákvörðunar innan ASÍ. Niðurstaðan verður að vera ásættanleg fyrir alla sem máli skipta

Miðstýring er mun meiri hjá
Alþýðusamböndunum á hinum N-löndunum

Stíklur á leiðinni

- Samningar við viðreisnarstjórnina á sjöunda áratuginum
 - Júnísamkomulagið 1964
 - Framkvæmdanefnd um byggingaráætlun
 - Atvinnumálanefndir í öllum landshlutum
- Í þessum samningum voru stóru félögin á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri burðarásinn og pólitískir andstæðingar ríkisstjórnarinnar því áberandi – Eðvarð, Björn og Hannibal

8. áratugurinn og upphaf þess 9.

- Við stjórnarskipti 1971 yfirbuðu stjórnmálamenn verkalýðsforustuna => óhóflegar kauphækkanir
- Óhóflegar kauphækkanir 1974
- Óhóflegar kauphækkanir 1978
- Heimskulegar aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar haustið 1978 => fyrirfram ákvörðun um stjórnarslit haustið 1979
- Öfgakennd kjaraskerðing 1983
- ASÍ og VSÍ ræddu hóflegar hækkanir 1984 en BSRB lagði línuna í samningi sem ASÍ fylgdi

Þjóðarsáttin 1986/7

- Samningar ASÍ í febrúar og desember 1986
 - Hóflega hækkun kaupliða í febrúar, sérstök uppbót á lægri laun
 - Hækkun lægstu launa í desember og áform um endurskoðun taxtakerfisins – taxtar að greiddu kaupi
 - Fast gengi
 - Niðurfærsla verðlags um $3\frac{1}{2}\%$ í febrúarsamningi (opinber þjón., bensín, búvörur, raforka, tollar á gærnmeti, tollar á bílum, hjólbörðum, heimilistækjum)
 - Lækkun tekjuskatts og launaskatts
 - Lækkun vaxta
 - Staðgreiðsla skatta
 - Lífeyrissjóðsgreiðslur af öllum launum
 - Launaneftnd – 2 frá hvorum, úrskurður fyrst hjá ASÍ en færðist svo til VSÍ

Þjóðarsáttin 1986/7

- Samningar opinberra starfsmanna fylgdu fordæmin febrúarsamninganna vorið 1986 en í framhaldi af desember samningunum fylgdu samningar þeirra og sérsambanda ASÍ sem gerðu láglaunaviðmiðun að almennri hækjun
- Verðbóga lækkaði 1986 en fór vaxandi 1987
- Gengið brengdi að útflutningi og samkeppnisgreinum
- Ríkisstjórnin náði ekki saman um viðbrögð
⇒**Tilraunin 1986/87 mistókst**
⇒Samningarnir 1988/89 voru ekki undir sameiginlegum merkjum og fólu í sér miklar kauphækkanir sem ríkisvaldið brenndi á báli gengisfellinga og verðbólgu

Lærdómurinn

- Kapphlaup kauphækkana, gengisfellinga og veðbólgu skilar ekki árangri } 1988/89
og oft áður
- Einfalt samkomulag ASÍ og ríkisstjórnar er ekki nægileg forsenda. Aðrir verða að koma að } 1986/87
- Samkomulag við stjórnvöld má ekki þrengja um of að fjármálum hins opinbera

Hvað ber að gera?

- Samstaða verður að vera um trúverðuga aðgerðaáætlun
- Allir helstu aðilar í efnahags og atvinnulífi verða að vinna saman
- Allir verða að vera samtaka um eftirfylgnina
- Traust er forsenda þess að árangur náist og sérstaklega að árangurinn haldist
- Traust kallar á lítilláta forustu

Þjóðarsáttin 1990

- Aðdragandinn var stuttur
- Fyrsta skref var að ná samstöðu um það í hvað átt ætti að fara
- Leitað var eftir afstöðu félagsmanna stéttarfélaganna um stefnuáherslur á fundum um allt land áður en efnisviðræður fóru á skrið. Fundað með stjórnum allra aðildafélaga og á ýmsum vinnustöðum
- Það var gert nærri mánaðar hlé á samningaviðræðum til að gefa svigrúm til fundarhaldanna
 - Um þetta voru deilur og nokkrir forustumenn, pólitískt virkir innan Alþýðubandalagsins, vildu láta slag standa án tafar

Þjóðarsáttin 1990

- ASÍ og VSÍ höfðu forustu um mótun tillagna
- ASÍ leitaði samstarfs við BSRB og öll vinna samtakanna var tengd. Hagfræðingur BSRB sat fundi litlu samninganefndar ASÍ til að fylgjast með starfinu þar
- VSÍ leitaði samstarfs við Samninganefnd ríkisins
- Aðilar leituðu sameiginlega samstarfs við bændasamtökin
- Aðilar leituðu saman samstarfs við sveitarfélögin
- Sérstaklega var samið við bankana um lækkun vaxta
- Ríkisstjórnin fylgdist með álengdar og bjó sig undir að svara samtökunum - Styrkur Steingríms

Þjóðarsáttin 1990

- Samið var um að fyrirtæki tækju á sig upphafskauphækkun kjarasamninganna með hliðsjón af þeim hag sem þau hefðu af lækkun verðbólgu og vaxta
- Fundahald forustu með stéttarfélögunum leiddi í ljós að fók var tilbúið til að gera tilraun ef tryggt yrði að allir tækju þátt. Fólk vildi ekki axla áhættuna eitt
- Það var leitað samstarfs við Kennara og Háskólamenn sem höfnuðu samstarfi
- Þeim var gert ljóst að fyrirvarar yrðu í samningum ASÍ gagnvart því sem gerðist hjá öðrum. Afstaða þeirra gæti því ráðið því hvort tilraunin tækist

Þjóðarsáttin 1990

Markmið

- Draga úr verðbólgu
- Stöðva kaupmáttarfallið
- Tryggja kaupmátt
- Bæta stöðu þeirra tekjulægstu
- Koma á stöðugleika í atvinnulífinu
- Treysta atvinnu

Þjóðarsáttin 1990

Efni

- Hófleg kauphækkun
- Sérstök greiðsla á lægstu laun
- Réttindabætur í kjarasamningum (veikindi, uppsagnir, orlofs- og desemberuppbætur, réttindi í fæðingarorlofi)
- Stöðugt gengi - ríkisstjórn
- Samið var við bændur um óbreytt búvöruverð og áframhaldandi samstarf milli aðila
- Lækkun vaxta - bankar
- Dregið úr áformuðum hækjunum opinberrar þjónustu – ríkisstjórn
- Áformaðar álögur lækkaðar sem svaraði 2% í vísitölu - ríkisstjórn
- Sveitarfélög endurskoðuðu gjaldskrár til lækkunar
- Launanefnd sem fylgdi málum eftir og úrskurðaði um kauphækkanir á endurskoðunardögum og um uppsögn 1. nóvember ef ástæða væri talin til
 - Nefndin átti reglulega fundi með lykilembættismönnum til að fá gögn ogt móta heildarsýn

Þjóðarsáttin 1990

- Allir stóðu saman að þjóðarsáttinni. BHMR þvingað með lagasetningu
- Forsendur stóðust í megindráttum
- **Tilraunin tókst**
- Eftirfylgni var mikil af hálfu ASÍ og VSÍ
 - Rætt var við þingnefndir til að áréttu ábyrgð þingsins á að útgjöld færðu ekki út fyrir rammann
 - Rætt var við samtök sveitarstjórna og einstakar sveitarstjórnir
 - Rætt var við bankana
 - Rætt var við einstök fyrirtæki til að þrýsta verði niður (verkaskipting)
 - Verðlagseftirlit verkalýðsfélaganna
- Eftirfylgnin skilaði árangri vegna almenns stuðnings í samfélaginu við það sem var að gerast
- Á fundum forstu ASÍ með stjórnum félaga og á vinnustöðum sumar og haust 1990 var sú afstaða skýr að ekki ætti að segja samningnum upp heldur láta á reyna til brautar

Framhaldssátt

- Samningar voru lausir haustið 1991
- Einstök sambönd ASÍ gengu til viðræðna um sérmál
- Í febrúar '92 hófust formlegar viðræður á sameiginlegu borði ASÍ og var vísaðnær strax til sáttasemjara
- Fljótlega urðu viðræður ASÍ, BSRB og KÍ fullkomlega samræmdar – eftir viðræðuslit og fundahöld forustu með félögunum voru viðræður teknar upp að nýju
- Í lok apríl '92 lagði sáttasemjari fram miðlunartillögu sem í reynd byggði á samkomulagi aðila
 - Kauphækkanir voru hóflegar
 - Ríkisvaldið dró til baka áformaðan félagslegan niðurskurð og hétt gengisaðhaldi og aðgerðum í atvinnumálum

Framhaldssátt

- Tillaga um verkfall var felld í flestum félögum BSRB og KÍ í mars 1993
- ASÍ gerði kjarasamning í maí 1993 sem fól ekki í sér almenna kauphækkun, einungis láglaunabætur
- Ríkið hét lækkun matarskattssins (VSK á matvörum)
- Ríkið hét átaki í atvinnumálum í samræmi við tillögur atvinnumálanefndar '92/'93 en efnahagsmál höfððu snúist á verri veg
- Samningurinn var uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara ef forsendur stæðust ekki

Staðan í dag

- Hógværir 2008 kjarasamningar, endurskoðaðir 2009, endurspeglar erfitt efnahagsástand og vilja verkalýðshreyfingarinnar til samstarfs við stjórnvöld
- Stöðugleikasáttmáli var gerður af ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF, ríkisstjórn og samtökum sveitarfélaga í júní 2009 og endurnýjaður í október sl.

Framkvæmd stöðugleikasáttmálans

Vanefndir ríkisstjórnar að mati SA

- Atvinnumálaloforð hafi ekki staðist, sérstaklega varðandi orkuframkvæmdir og framkvæmdir almennt
- Gjaldeyrishöft hafi verið hert en ekki létt á þeim
- Vaxtamunur gagnvart evru sé tvöfaldur á við það sem samkomulag var um
- Skattar séu hærra hlutfall aðhaldsaðgerða í fjármálum en samkomulag var um
- Ekki hafi verið staðið við lagasetningu um gjaldskyldu atvinnulífsins og greiðslur lífeyrissjóða til endurhæfingar
- **SA sagði sig frá sáttmálanum** vegna skötuselsfrumvarps

Framkvæmd stöðugleikasáttmálans

Vanefndir ríkisstjórnar að mati ASÍ

- Atvinnumálum sé ekki sinnt sem skyldi
- Skattheimta hafi verið aukin of mikið
- Verðtrygging persónuafsláttar var afnumin um áramót og loforð um 3 þkr. hækkan persónuafsláttar árið 2011 fellt niður án samráðs (var umsamið í kjarasamningum 2008)
- **ASÍ sagði sig frá sáttmálanum** með tilvísun til þess að ekki væru uppi tilburðir hjá ríkisstjórninni til að standa við lagasetningu um gjaldskyldu atvinnulífsins og greiðslur lífeyrissjóða til endurhæfingarstarfs sem begar er hafið
 - Hvort sem það er því starfi að bakka eða ekki, fækkar fólk sem fær úrskurðaðan endurhæfingarlífeyri og örorkulífeyri

Er þjóðarsátt möguleg?

- Sjónarmið eru greinilega skipt innan ASÍ og trúlega einnig SA
 - Á hver að semja fyrir sig eða eiga aðilar að vinna saman?
 - Margir eru þreyttir á hófsemi, tekjusamdráttur hefur verið mikill og staða atvinnugreina er misjöfn
 - Á að leggja áherslu á stöðugleika og atvinnuuppbyggingu eða hækkun launa
 - Staða stéttarfélaganna til átaka er veik – þó ekki hjá öllum
- Ríkisstjórnin virðist ekki hafa áhuga á samskiptum við samtökin
 - Stöðugleikasáttmálinn virðist hafa verið undirritaður af hennar hálfu til að fá tímabundinn frið

Er þjóðarsátt möguleg?

- Samstaða verður að vera um trúverðuga aðgerðaáætlun
- Allir helstu aðilar í efnahags og atvinnulífi verða að vinna saman
- Allir verða að vera samtaka um eftirfylgnina
- Traust er forsenda þess að árangur náist og sérstaklega að árangurinn haldist
- Traust kallar á lítilláta forustu

Þjóðarsátt er nauðsynleg

- Stöðugleiki er forsenda hagvaxtar, atvinnu og kaupmáttar í bráð og lengd
- Án þjóðarsáttar verður vaxandi ósætti í samféluginu
- Samfélagsleg og stjórnjmálaleg óreiða er slæmur kostur

Hagsmuna aðilar verða að ná saman
Verkefnið er stærra en þeir eru hver um sig